

Norðurþing  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík

Selfoss, 16.12.2024  
UST202401-423/H.M.V.  
08.14.02

## **Efni: Reglubundið eftirlit þann 11. september 2024 - Norðurþing, urðunarstaður við Laugardal, Húsavík, ID nr. 36**

Þann 11. september sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurþings við Laugardal á Húsavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staða eldri frávika ef við á

Opin eru tvö eldri frávik. Fyrri frávikið var sett fram í eftirliti ársins 2020 og varðar daglegan frágang urðunarreina. Rekstraraðili vinnur ekki eftir því verklagi sem kemur fram í starfsleyfi og ekki hafa farið fram úrbætur vegna þess. Safnast fyrir töluvert magn ófrágengis úrgangs inn á urðunarstaðnum (sjá nánari umfjöllun í skýrslu). Annað ólokið frávik var sett fram í eftirliti 2022 og varðar ófullnægjandi skil á niðurstöðum skráninga í ársskýrslu og að staðið sé við skil þess innan tilskilins tímafrests, þ.e. 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Úrbætur hafa ekki gengið eftir, en samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila í dagsettu í bréfi þann 6. desember 2022 stóð til að ráða starfsmann sem myndi sjá um að halda utan um skráningar rekstraraðila.

**Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.**

**Fimm frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Fram fer móttaka og urðun á malbiki inn á urðunarstað. Óvissa er til staðar hvort um ræðir óvirkan úrgang. Rekstraraðili hefur eingöngu heimild til móttöku á óvirkum úrgangi og telst úrgangur eingöngu móttækilegur eftir þeim skilyrðum sem koma fram sbr. tl. 2.1 í II viðauka við rgl. nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Einnig ber móttaka úrgangs að vera í samræmi við rgl.nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Rekstraraðila ber að staðfesta að farið sé eftir skilyrðum til móttöku malbiks í samræmi við viðauka II í rgl. nr. 738/2003 um viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs.

2. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Frágangur úrgangs er ekki í samræmi við verklag starfsleyfis (sjá ýtarlegri umfjöllun í skýrslu.
3. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Skráningar vegna tölul. 3. – 4. Liggja ekki fyrir vegna ársins 2023, varðandi stöðu urðunarstaðar og sigmælingar.
4. Gr. 5.2 í starfsleyfi. Ekki voru framkvæmdar sýnatökur vegna ársins 2023 þar sem grunnvatnsstaða var lág þegar sýnataka átti að fara fram. Ber rekstraraðila að tryggja að mælibrunnar séu nógu djúpir til að koma á sýnatökum eða að huga að því að sýnatökur séu framkvæmdar með tilliti til veðurfars (þ.e. að sýnatökur séu framkvæmdar utan þurrkatíða).
5. Gr. 5.3. í starfsleyfi. Gæði grunnvatns neðan urðunarstaðar skal meta út frá samsetningu grunnvatns ofan urðunarstaðar. Niðurstöður á mælingum frá árinu 2022 gefa til kynna að mengun er að mælast í grunnvatni neðan urðunarstaðar (mælibrunnur, Hús-B). Rekstraraðila ber að fylgjast með og tilkynna Umhverfisstofnun um sérhver skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun, sbr. 21. gr. rgl. nr. 738/2003.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 10. janúar 2025.**

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir  
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur